

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 1101/2004 um markaðssetningu sæfiefna.

#### 1. gr.

Í stað töflu í A-hluta V. viðauka, „Virki efni sem heimilt er að nota í sæfiefni“, kemur ný tafla, sbr. I. viðauka við þessa reglugerð.

#### 2. gr.

c-liður 1. mgr. 19. gr. orðast svo:

Upplýsingar um tilgreind virki efni sem voru á markaði 14. maí 2000 og sæfiefni sem innihalda viðkomandi efni njóta verndar:

- 1) til 14. maí 2014 að því er varðar hvers kyns upplýsingar sem lagðar eru fram og varða veitingu markaðsleyfa fyrir sæfiefni,
- 2) í 10 ár frá skráningardegi virks efnis í A- eða B-hluta V. viðauka að því er varðar upplýsingar sem lagðar eru fram í fyrsta sinn vegna skráningar virks efnis eða skráningar þess í nýjan sæfiefnaflokk í viðaukanum.

#### 3. gr.

Við 33. gr. bætist nýr töluliður, g-liður, sem orðast svo:

- g) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 298/2010 frá 9. apríl 2010 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1451/2007 að því er varðar framlengingu á gildistíma undanþága sem heimila setningu sæfiefna á markað, sem vísað er til í tl. 12ze í XV. kafla II. viðauka sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 31/2011, frá 1. apríl 2011. Reglugerðin er birt í fylgiskjali 5.

#### 4. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, með síðari breytingum, og lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

Reglugerðin er sett til innleiðingar á eftirfarandi gerðum:

1. Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2009/107/EB frá 16. september 2009 um breytingu á tilskipun 98/8/EB um markaðssetningu sæfiefna að því er varðar framlengingu tiltekinnna tímabila, sem vísað er til í lið 12n í XV. kafla II. viðauka sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 128/2010.
2. Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2010/5/ESB frá 8. febrúar 2010 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB í því skyni að bæta virka efninu akrólíni við í I. viðauka við hana, sem vísað er til í lið 12n í XV. kafla II. viðauka sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 14/2011.
3. Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2010/7/ESB frá 9. febrúar 2010 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB í því skyni að bæta virka efninu magnesíumfosfíði, sem losar fosfín, við í I. viðauka við hana, sem vísað er til í lið 12n í XV. kafla II. viðauka sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 128/2010.
4. Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2010/8/ESB frá 9. febrúar 2010 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB í því skyni að bæta virka efninu varfarinnatríumi við í I. viðauka við hana, sem vísað er til í lið 12n í XV. kafla II. viðauka sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 14/2011.
5. Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2010/9/ESB frá 9. febrúar 2010 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB í því skyni að rýmka færsluna fyrir virka efnið

álfosfið, sem losar fosfin í I. viðauka við tilskipunina þannig að færslan nái yfir sæfiefna-flokk 18 eins og hann er skilgreindur í V. viðauka við tilskipunina, sem vísað er til í lið 12n í XV. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 14/2011.

6. Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2010/10/ESB frá 9. febrúar 2010 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB í því skyni að bæta virka efninu bróðifakúmi við í I. viðauka við hana, sem vísað er til í lið 12n í XV. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 14/2011.
7. Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2010/11/ESB frá 9. febrúar 2010 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB í því skyni að bæta virka efninu varfaríni við í I. viðauka við hana, sem vísað er til í lið 12n í XV. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 14/2011.
8. Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2010/50/ESB frá 10. ágúst 2010 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB í því skyni að bæta virka efninu dasómeti við í I. viðauka við hana, sem vísað er til í lið 12n í XV. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 32/2011.
9. Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2010/51/ESB frá 11. ágúst 2010 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB í því skyni að bæta virka efninu N,N-díetýl-m-tólúamíði við í I. viðauka við hana, sem vísað er til í lið 12n í XV. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 32/2011.
10. Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2010/71/ESB frá 4. nóvember 2010 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB í því skyni að bæta virka efninu metóflútríni við í I. viðauka við hana, sem vísað er til í lið 12n í XV. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 33/2011.
11. Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2010/72/ESB frá 4. nóvember 2010 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB í því skyni að bæta virka efninu spínósaði við í I. viðauka við hana, sem vísað er til í lið 12n í XV. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 33/2011.

*Umhverfissráðuneytinu, 12. apríl 2011.*

F. h. r.  
**Magnús Jóhannesson.**

---

*Sigríður Auður Arnardóttir.*

**Fylgiskjal.****REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 298/2010**

frá 9. apríl 2010

**um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1451/2007 að því er varðar framlengingu á gildistíma undanþágna sem heimila setningu sæfiefna á markað**

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópu-sambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna <sup>(1)</sup>, einkum 2. mgr. 16. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í II. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1451/2007 frá 4. desember 2007 um annan áfanga 10 ára vinnuáætlunarinnar sem um getur í 2. mgr. 16. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB um markaðssetningu sæfiefna <sup>(2)</sup> er sett fram tæmandi skrá yfir fyrirliggjandi, virk efni, sem á að meta samkvæmt vinnuáætluninni um kerfisbundna athugun á öllum virkum eignum sem þegar eru á markaði, hér á eftir nefnd „endurskoðunaráætlunin“, og bannað að setja sæfiefni á markað sem innihalda virk efni sem ekki eru tilgreind í þeim viðauka eða í I. viðauka eða I. viðauka A við tilskipun 98/8/EB.

2) Reglugerð (EB) nr. 1451/2007 gerir þó framkvæmdastjórninni kleift að veita undanþágu frá banninu í tilvikum þar sem aðildarríki telur að virkt efni sé þeim nauðsynlegt vegna heilbrigðis, öryggis eða verndar menningararfs eða séu mikilvæg í þágu samfélagsins og ekki er um að ræða tæknilega og efnahagslega hagkvæma valkosti eða staðgöngu efni sem eru viðunandi frá umhverfis- og heilbrigðissjónarmiði og þar er kveðið á um að aðildarríki geti leyft að virk efni, sem eru alfarið úr matvælum eða fóðri og eru ætluð til notkunar sem fæliefni eða löðunarefni í sæfiefnaflokki 19, verði sett á markað.

3) Þessar undanþágur má sem stendur nota til 14. maí 2010 þar eð endurskoðunaráætluninni var í upphafi einungis ætlað að gilda fram að þeim degi.

4) Með tilskipun 98/8/EB, eins og henni var breytt með tilskipun 2009/107/EB <sup>(3)</sup>, var endurskoðunaráætlunin framlengd til 14. maí 2014.

5) Til að gæta samræmis þykir rétt að samræma gildistíma undanþágnanna sem kveðið er á um í 5. og 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 1451/2007 við gildistíma endurskoðunaráætlunarinnar.

6) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 1451/2007 til samræmis við það.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um sæfiefni.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

Reglugerð (EB) nr. 1451/2007 er breytt sem hér segir:

1. Í stað 3. mgr. 5. gr. komi eftirfarandi:

„3. Framkvæmdastjórnin getur, með hliðsjón af mótteknum athugasemdum, veitt undanþágu frá 1. mgr. 4. gr. og leyft að efnið verði sett á markað í aðildarríkinu sem leggur fram beiðni en þó ekki lengur en til þess dags sem um getur í fyrstu undirgrein 2. mgr. 16. gr. tilskipunar 98/8/EB, að því tilskildu að aðildarríkin:

a) sjái til þess að áframhaldandi notkun sé því aðeins leyfð að vörur, sem innihalda efnið, hafi verið samþykktar til þeirrar óhjákvæmilegu notkunar sem ráðgerð er,

b) komist að þeirri niðurstöðu, að teknu tilliti til allra fyrirliggjandi upplýsinga, að sanngjart sé að gera ráð fyrir að áframhaldandi notkun hafi engin óæskileg áhrif á heilbrigði manna eða dýra eða á umhverfið,

c) geri allar viðeigandi ráðstafanir til að draga úr áhættu þegar þau veita samþykki,

<sup>(1)</sup> Stjótd. EB L 123, 24.4.1998, bls. 1.<sup>(2)</sup> Stjótd. ESB L 325, 11.12.2007, bls. 3.<sup>(3)</sup> Stjótd. ESB L 262, 6.10.2009, bls. 40.

- d) sjái til þess að merkingum slíkra samþykktra sæfiefna, sem eru enn á markaðnum eftir 1. september 2006, sé breytt þannig að þær svari til þeirra notkunarskilyrða sem aðildarríkin hafa mælt fyrir um í samræmi við þessa málsgrein og
- e) sjái til þess að handhafar samþykkis eða hlutaðeigandi aðildarríki hugi að annars konar notkun eftir því sem við á eða að málsskjöl séu útbúin til afhendingar í samræmi við málsmeðferðina, sem mælt er fyrir um í 11. gr. tilskipunar 98/8/EB, eigi síðar en tveimur árum fyrir þann dag sem um getur í fyrstu undirgrein 2. mgr. 16. gr. tilskipunar 98/8/EB.“

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 9. apríl 2010.

2. Eftirfarandi komi í stað fyrstu málsgreinar 6. gr.:

Þrátt fyrir 1. mgr. 4. gr. geta aðildarríkin leyft, til þess dags sem um getur í fyrstu undirgrein 2. mgr. 16. gr. tilskipunar 98/8/EB, að virk efni, sem eru alfarið úr matvælum eða fóðri og eru ætluð til notkunar sem fæliefni eða löðunarefni í sæfiefnaflokk 19, verði sett á markað.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

José Manuel Barroso

*forseti.*

---

## VIÐAUKI I

Nr.	Almennt heiti	IUPAC-heiti Kenninúmer	Lágmarks hræinleiki virks efnis í sæfiefni við markaðssetningu	Dagsetning skráningar	Markaðsleyfi sæfiefnis skal gefið út fyrir'	Skráning gildir til	Sæfiefna- flokkur	Skilyrði fyrir markaðsleyfi'
1	súlfúryflúoríð	súlfúryldifflúoríð EB-nr.: 220-281-5 CAS-nr.: 2699-79-8	> 994 g/kg	1. janúar 2009	31. desember 2010	31. desember 2018	8	<ol style="list-style-type: none"> <li>Sæfiefni skulu einungis seld og notuð af fagfólki sem fengið hefur sérstaka þjálfun.</li> <li>Gripa skal til viðeigandi ráðstafana til að draga úr áhættu fyrir þá sem nota efnið og aðra nálæga.</li> <li>Vakta skal styrk súlfúryflúoríðs í andrúmslofti langt frá uppruna þess.</li> </ol>
			994 g/kg	1. júlí 2011	30. júní 2013	30. júní 2021	18	<ol style="list-style-type: none"> <li>Sæfiefni má eingöngu selja fagfólki sem fengið hefur þjálfun í að nota það og því einu er heimilt að nota sæfiefnið.</li> <li>Gera verður viðeigandi ráðstafanir til að vernda þá sem úða efninu og nærstadda á meðan á úðun stendur og til að loftræsta byggingar og önnur lokuð svæði sem hafa verið meðhöndluð.</li> <li>Merkingar og/eða öryggisblöð vorunnar skulu gefa til kynna að fjarlægja skuli öll matvæli fyrir úðun lokaðra svæða.</li> <li>Vakta skal styrk súlfúryflúoríðs í veðrahvolfinu fjarri uppíökum þess.</li> </ol>
2	díklóflúaníð	N-( díklóflúorormetylþíó)- N,N'-dímetýl-N- fenýlsúlfamíð EB-nr.: 214-118-7 CAS-nr.: 1085-98-9	≥ 96% w/w	1. mars 2009	28. febrúar 2011	28. febrúar 2019	8	<ol style="list-style-type: none"> <li>Nota skal viðeigandi persónuhlífar við notkun sæfiefna í iðnaði og/eða í atvinnuskyni</li> <li>Gripa skal til viðeigandi ráðstafana til að draga úr áhættu fyrir jarðveg</li> <li>Merkingar og/eða öryggisblöð fyrir sæfiefni til iðnaðarmóta skulu upplýsa um að nýmeðhöndlað tímbur á að geyma á hörðu og ógagndræpu undirlagi til þess að koma í veg fyrir leka út í jarðveg og að unnt sé að safna saman sigvatni til endurnotkunar eða förgunar</li> </ol>

Nr.	Almennt heiti	IUPAC-heiti Kenninúmer	Lágmarks hreinleiki virks efnis í sæfiefni við markaðssetningu	Dagsetning skráningar	Markaðsleyfi sæfiefnis skal gefið út fyrir	Skráning gildir til	Sæfiefna- flokkur	Skilyrði fyrir markaðsleyfi <sup>ii</sup>
3	klóþianidín	(E)-1-(2-klór-1,3- píasól-5-ýlmetyl)-3- metyl-2-nitróguamidín EB-nr.: 433-460-1 CAS-nr.: 210880-92-5	950 g/kg	1. febrúar 2010	31. janúar 2012	31. janúar 2020	8	Ekki er unnt að veita leyfi fyrir sæfiefnum til að meðhöndla við sem nota á utanhúss í ljósi þeirrar áhættu sem tilgreind er fyrir jarðveg og yfirborðs- og grunnvatnssvæði nema gögn séu lögð fram sem sýna að unnt sé að beita víðeigandi ráðstöfunum til að draga úr áhættu.  Á merkimiðum og/öð á öryggisblöðum fyrir sæfiefni, sem leyfið hafa verið til notkunar í iðnaði, skal m.a. koma fram að nýmeðhöndlað timbur skuli geymt eftir meðhöndlun á ógegnðræpu, hörðu undirlagi til þess að koma í veg fyrir að efnið sigi beint út í jarðveginn og að safna skuli til endurnotkunar eða förgunar öllu því efni sem fer til spillis.
4	dífepialón	3-[3-(4'- bróm[1,1'bfenýl]-4- ýl)-1,2,3,4- tetrahyðrónaft-1-ýl]-4- hýdroxy-2H-1- benzóþíópýran-2-ón EB-nr.: ekki til CAS-nr.: 104653-34-1	976 g/kg	1. nóvember 2009	31. október 2011	31. október 2014	14	1. Styrkur virka efnisins í sæfiefni skal ekki vera herri en 0,0025% massahlutfall og aðeins skulu leyfðar beitur sem eru tilbúnar til notkunar 2. Sæfiefni skal innihalda óbeitarefni og þar sem við á, litarefni 3. Sæfiefni skal ekki nota sem sporaduft 4. Beinni og óbeinni áverkun á menn, dýr utan markhóps og á umhverfið skal haldið í lágmarki með því að beita öllum víðeigandi og tiltækum ráðstöfunum til að draga úr áhættu. Til þeirra telst t.d. að takmarka notkun við fagfólk eingöngu, setja efri mörk á stærð pakkinga og mæla fyrir um þá skyldu að nota traustar bettistöðvar
5	etófenprox	3-fenoxybensýl-2-(4- etoxýfenýl)-2- metylprópyleter EB-nr.: 407-980-2 CAS nr. 80844-07-1	970 g/kg	1. febrúar 2010	31. janúar 2012	31. janúar 2020	8	Í ljósi tilgreindrar áhættu fyrir starfsmenn er aðeins heimilt að nota sæfiefnin allan ársins hring ef lögð eru fram gögn um upptöku efnisins um húð til að sýna fram á að ekki sé um að ræða óviðunandi áhættu vegna langvinnra váhrifa. Auk þess skulu víðeigandi persónuhlífar notaðar við notkun vara sem ætlaðar eru til iðnaðamóta.
6	tebúkonasól	1-(4-klórfenýl)-4,4- dímetýl-3-(1,2,4-tríasól- 1-ýlmetyl)pentan-3-ól	950 g/kg	1. apríl 2010	31. mars 2012	31. mars 2020	8	Gripa skal til víðeigandi ráðstafana til að draga úr áhættu fyrir jarðveg og vatn. Merkingar og/öð öryggisblöð fyrir sæfiefni til iðnaðamóta skulu upplýsa að nýmeðhöndlað

Nr.	Almennt heiti	IUPAC-heiti Kenninúmer	Lágmarks hreinleiki virks efnis í sæfiefni við markaðssetningu	Dagsetning skráningar	Markaðsleyfi sæfiefnis skal gefið út fyrir'	Skráning gildir til	Sæfiefna- flokkur	Skilyrði fyrir markaðsleyfi'
7	koldíoxíð	EB-nr.: 403-640-2 CAS-nr.: 107534-96-3	990 ml/l	1. nóvember 2009	31. október 2011	31. október 2019	14	<p>timbur skuli geymt undir skýli, eða á hörðu og ógagndræpu undirlagi til þess að koma í veg fyrir leka út í jarðveg eða í vatn og að ef leki verður skuli safna saman sigvatni til endurnotkunar eða förgunar.</p> <p>Ekki er hægt að veita markaðsleyfi fyrir sæfiefni til meðhöndlunar tímurs utandyra, né þar sem veðrun tímurs getur átt sér stað, nema upplýsingar fylgi umsókninni, sem sýni fram á að unnt sé að beita víðeigandi ráðstöfunum til að draga úr áhættu.</p> <p>Meta þarf áhættu og tryggja að réttar ráðstafanir verði gerðar eða setja ákveðin skilyrði til að draga úr áhættu.</p> <p>Umsókn þarf að sýna fram á að hægt sé að draga þannig úr áhættu að hún verði viðunandi.</p>
8	própíkonasól	1-[[2-(2,4- dýklórfeñýl)- 4-própýl-1,3-díoxólan- 2-ýl]metýl]-H-1,2,4- tríasól EB-nr.: 262-104-4 CAS-nr.: 60207-90-1	930 g/kg	1. apríl 2010	31. mars 2012	31. mars 2020	8	<p>Nota skal víðeigandi persónuhlífar við notkun sæfiefna í iðnaði og/eða í atvinnuskyni, nema sýnt sé fram á það í umsókn um markaðsleyfi að hægt sé að draga úr áhættu við notkun efnisins með öðrum hætti.</p> <p>Gripa skal til víðeigandi ráðstafana til að draga úr áhættu fyrir jarðveg og vatn.</p> <p>Merkingar og/eða öryggisblöð fyrir sæfiefni til iðnaðarmóta skulu upplýsa að nýmeðhöndlað timbur skuli geymt undir skýli, eða á hörðu og ógagndræpu undirlagi til þess að koma í veg fyrir leka út í jarðveg eða í vatn og að ef leki verður skuli safna saman sigvatni til endurnotkunar eða förgunar.</p> <p>Ekki er hægt að veita markaðsleyfi fyrir sæfiefni til meðhöndlunar tímurs utandyra, né þar sem veðrun tímurs getur átt sér stað, nema upplýsingar fylgi umsókninni, sem sýni fram á að unnt sé að beita víðeigandi ráðstöfunum til að draga úr áhættu.</p>

Nr.	Almennt heiti	IUPAC-heiti Kenninúmer	Lágmarks hreinleiki virks efnis í sæfiefni við markaðssetningu	Dagsetning skráningar	Markaðsleyfi sæfiefnis skal gefið út fyrir	Skráning gildir til	Sæfiefna- flokkur	Skilyrði fyrir markaðsleyfi
9	difenakúm	3-(3-bifenýl-4-ýl- 1,2,3,4-tetrahydro-1- naftýl)-4- hýdroxýkúmarín EB-nr.: 259-978-4 CAS-nr.: 56073-07-5	960 g/kg	1. apríl 2010	31. mars 2012	31. mars 2015	14	Styrkur virka efnisins í sæfiefni skal ekki vera herri en 75 mg/kg og aðeins skulu leyfðar beitur sem eru tilbúnar til notkunar. Sæfiefni skal innihalda óbettaefni og þar sem við á, litarefni. Sæfiefni skal ekki nota sem sporaduft. Beinni og óbeinni áverkun á menn, dýr utan markhóps og á umhverfið skal haldið í lágmarki með því að beita öllum viðeigandi og tilteknum ráðstöfunum til að draga úr áhættu. Til þeirra telst t.d. að takmarka notkun við fagfólk eingöngu, setja efri mörk á stærð þakkinga og mæla fyrir um þá skyldu að nota traustar bettisöðvar.
10	K-HDO	sýklóhexýlhýdroxýdiase n-1-oxíð, kalíumsalt EB-nr.: á ekki við CAS-nr.: 66603-10-9 (Á einnig við um vatnað efnasamband af K- HDO)	977 g/kg	1. júlí 2010	30. júní 2012	30. júní 2020	8	Einungis er heimilt að nota efnið í sjálfvirkum og lokuðum iðnaðarkerfum, nema upplýsingar fylgi umsókninni sem sýni fram á að hægt sé að draga úr áhættu við notkun efnisins með öðrum hætti. Nota skal viðeigandi persónuhlífar við notkun sæfiefna í iðnaði og/eða í atvinnuskyni, nema hægt sé að sýna fram á það í umsókn um markaðsleyfi að hægt sé að draga úr áhættunni með öðrum hátti. Óheimilt er að nota sæfiefnið til að meðhöndla timbur sem ungbörn komast í snertingu við.
11	IPBC	3-jóð-2-próppýnól bútylkarbamat EB-nr.: 259-627-5 CAS-nr.: 55406-53-6	980 g/kg	1. júlí 2010	30. júní 2012	30. júní 2020	8	Nota skal viðeigandi persónuhlífar við notkun sæfiefna í iðnaði og/eða í atvinnuskyni, nema sýnt sé fram á það í umsókn um markaðsleyfi að hægt sé að draga úr áhættu við notkun efnisins með öðrum hætti. Gripa skal til viðeigandi ráðstafana til að draga úr áhættu fyrir jarðveg og vatn. Merkingar og/eða öryggisblöð fyrir sæfiefni til iðnaðarmota skulu upplýsa að nýmeðhöndlað timbur skuli geymt undir skýli, eða á hörðu og ógagnræpu undirlagi til þess að koma í veg fyrir leka út í jarðveg eða í vatn og að ef leki verður skuli safna saman sigvatni til endurnotkunar eða förgunar.



Nr.	Almennt heiti	IUPAC-heiti Kenninúmer	Lágmarks hreinleiki virks efnis í sæfiefni við markaðssetningu	Dagsetning skráningar	Markaðsleyfi sæfiefnis skal gefið út fyrir'	Skráning gildir til	Sæfiefna- flokkur	Skilyrði fyrir markaðsleyfi'
12	Klórfasínón	Klórfasínón EB-nr. 223-003-0 CAS-nr.: 3691-35-8	978 g/kg	1. júlí 2011	30. júní 2013	30. júní 2016	14	<p>1. Nafnastyrkur virka efnisins í sæfiefnum öðrum en sporadufiti má ekki fara yfir 50 mg/kg og aðeins skal leyfa sæfiefni sem eru tilbúin til notkunar.</p> <p>2. Einungis skal setja sæfiefni sem eru ætluð til notkunar sem sporadufit á markað til notkunar fyrir fagmenn.</p> <p>3. Sæfiefnin skulu innihalda óbeitarefni og, þar sem við á, litarefni.</p> <p>4. Beinum og óbeinum váhrifum á menn, dýr utan markhópsins og á umhverfið skal haldið í lagmarki með því að vega og meta og beita öllum viðeigandi og tiltækum ráðstöfunum til að draga úr áhættu. Til þeirra telst t.d. að takmarka notkun við fagfólk eingöngu, setja efri mörk á stærð þakningar og mæla fyrir um þá skyldu að nota traustar beittistöðvar sem ekki er hægt að skemma með fikti.</p>
13	Þiabendasól	2-Þiasól-4-ýl-1H- bensóimidásól EB-nr.: 205-725-8 CAS-nr.: 148-79-8	985 g/kg	1. júlí 2010	30. júní 2012	30. júní 2020	8	<p>Nota skal viðeigandi persónuhlifvar við notkun sæfiefna í iðnaði og/eða í atvinnuskyni, einkum þegar unnið er við tvöfalda lofttæmingu og böðun, nema sýnt sé fram á það í umsókn um markaðsleyfi að hægt sé að draga úr áhættu við notkun efnisins með öðrum hætti.</p> <p>Gripa skal til viðeigandi ráðstafana til að draga úr áhættu fyrir jarðveg og vatn.</p> <p>Merkingar og/eða öryggisblöð fyrir sæfiefni til iðnaðarmota skulu upplýsa að nýmeðhöndlöð timbur skuli geymt undir skýli, eða á hörðu og ógagnræpu undirlagi til þess að koma í veg fyrir leka út í jarðveg eða í vatn og að ef leki verður skuli safna saman sigvatni til endurnotkunar eða förgunar.</p> <p>Ekki er hægt að veita markaðsleyfi fyrir sæfiefni til meðhöndlunar tímurs utandyra, né þar sem veðrun tímurs getur átt sér stað, nema upplýsingar fylgi umsókninni, sem sýni fram á að unnt sé að beita viðeigandi ráðstöfunum til að draga úr áhættu.</p>

Nr.	Almennt heiti	IUPAC-heiti Kenninúmer	Lágmarks hreinleiki virks efnis í sæfiefni við markaðssetningu	Dagsetning skráningar	Markaðsleyfi sæfiefnis skal gefið út fyrir'	Skráning gildir til	Sæfiefna- flokkur	Skilyrði fyrir markaðsleyfi'
14	þíametoxam	þíametoxam EB-nr.: 428-650-4 CAS-nr.: 153719-23-4	980 g/kg	1. júlí 2010	30. júní 2012	30. júní 2020	8	<p>Nota skal viðeigandi persónuhlífar við notkun sæfiefna í iðnaði og/eða í atvinnuskyni, nema sýnt sé fram á það í umsókn um markaðsleyfi að hægt sé að draga úr áhættu við notkun efnisins með öðrum hætti.</p> <p>Gripa skal til viðeigandi ráðstafana til að draga úr áhættu fyrir jarðveg og vatn.</p> <p>Merkingar og/eða öryggisblöð fyrir sæfiefni til iðnaðarnota skulu upplýsa að nýmeðhöndlæð timbur skuli geymt undir skýli, eða á hörðu og ógagnræpu undirlagi til þess að koma í veg fyrir leka út í jarðveg eða í vatn og að ef leki verður skuli safna saman sigvatni til endurnotkunar eða förgunar.</p> <p>Ekki er hægt að veita markaðsleyfi fyrir sæfiefni til meðhöndlunar tímurs utandyra, né þar sem veðrun tímurs getur átt sér stað, nema upplýsingar fylgi umsókninni, sem sýni fram á að unnt sé að beita viðeigandi ráðstöfunum til að draga úr áhættu.</p>
15	Alfaklórólósi	(R)-1,2-O-(2,2,2-tríklórétýliden)- $\alpha$ -D-glúkófanósi EB-nr. 240-016-7 CAS-nr.: 15879-93-3	825 g/kg	1. júlí 2011	30. júní 2013	30. júní 2021	14	<p>Taka skal tillit til og meta þar sem við á, þá íbúa-höpa sem gætu orðið fyrir váhrifum af sæfiefninu og þær sviðsmyndir af notkun eða váhrifum sem hafa ekki fengið tilhlýðilega umfjöllun í því áhættumati sem gert var á virka efninu.</p> <p>Meta þarf áhættu og tryggja að viðeigandi ráðstafanir séu gerðar eða sérstök skilyrði séu sett til að draga úr þekktri áhættu svo við megi una.</p> <p>Markaðsleyfi getur aðeins verið veitt þegar umsóknin sýnir fram á að hægt sé að draga úr áhættu svo við megi una.</p> <p>Sérstaklega skal ekki leyfa sæfiefni til notkunar utanhúss nema gögn hafi verið lögð fram sem sýna fram á að unnt sé að beita ráðstöfunum til að draga úr áhættu.</p> <p>Markaðsleyfi skal vera háð eftirfarandi skilyrðum: 1. Nafnstyrkur virka efnisins í sæfiefnunum má ekki fara yfir 40 g/kg.</p>

Nr.	Almennt heiti	IUPAC-heiti Kenninúmer	Lágmarks hreinleiki virks efnis í sæfiefni við markaðssetningu	Dagsetning skráningar	Markaðsleyfi sæfiefnis skal gefið út fyrir	Skráning gildir til	Sæfiefna- flokkur	Skilyrði fyrir markaðsleyfi
16	Bróðifakúm	3-[3-(4'-brómbífényl)- 4-ýl-1,2,3,4- tetrahýdró-1-naftýl]- 4-hýdroxýkúmarín EB-nr.: 259-980-5 CAS-nr.: 56073-10-0	950 g/kg	1. febrúar 2012	31. janúar 2014	31. janúar 2017	14	<p>2. Sæfiefnin skulu innihalda óbeitarefni og litarefni.</p> <p>3. Aðeins skal leyfa sæfiefni til notkunar í traustum beitistöðvum sem ekki er hægt að skemma með fíkti.</p> <p>1. Nafnstyrkur virka efnisins í sæfiefnunum má ekki fara yfir 50 mg/kg og aðeins skal leyfa sæfiefni sem eru tilbúin til notkunar.</p> <p>2. Sæfiefnin skulu innihalda óbeitarefni og, þar sem við á, litarefni.</p> <p>3. Sæfiefnin skulu ekki notuð sem sporaduft.</p> <p>4. Beinum og óbeinum váhrifum á menn, dýr utan markhópsins og á umhverfið skal haldið í lágmarki með því að veða og meta og beita öllum viðeigandi og tiltækum ráðstöfunum til að draga úr áhættu. Til þeirra telst t.d. að takmarka notkun við fagfólk eingöngu, selja efri mörk á stærð pakkningar og mæla fyrir um þá skyldu að nota traustar beitistöðvar sem ekki er hægt að skemma með fíkti.</p>
17	Brómadiólón	3-[3-(4'-brómó[1,1'- bífényl]-4-ýl)-3- hýdroxý-1- fénylprópyl]-4- hýdroxý-2H-1- bensópyran-2-ón EB-nr. 249-205-9 CAS-nr.: 28772-56-7	969 g/kg	1. júlí 2011	30. júní 2013	30. júní 2016	14	<p>1. Nafnstyrkur virka efnisins í sæfiefnunum má ekki fara yfir 50 mg/kg og aðeins skal leyfa sæfiefni sem eru tilbúin til notkunar.</p> <p>2. Sæfiefnin skulu innihalda óbeitarefni og, þar sem við á, litarefni.</p> <p>3. Sæfiefnin skulu ekki notuð sem sporaduft.</p> <p>4. Beinum og óbeinum váhrifum á menn, dýr utan markhópsins og á umhverfið skal haldið í lágmarki með því að veða og meta og beita öllum viðeigandi og tiltækum ráðstöfunum til að draga úr áhættu. Til þeirra telst t.d. að takmarka notkun við fagfólk eingöngu, selja efri mörk á stærð pakkningar og mæla fyrir um þá skyldu að nota traustar beitistöðvar sem ekki er hægt að skemma með fíkti.</p>

Nr.	Almennt heiti	IUPAC-heiti Kenninúmer	Lágmarks hreinleiki virks efnis í sæfiefni við markaðssetningu	Dagsetning skráningar	Markaðsleyfi sæfiefnis skal gefið út fyrir'	Skráning gildir til	Sæfiefna- flokkur	Skilyrði fyrir markaðsleyfi'
18	Þiaklópríð	(Z)-3-(6-klór-3- pýridýlmetyl)-1,3- þíasólidín-2- ýlidensýanamíð EB-nr.: á ekki við CAS-nr.: 111988-49-9	975 g/kg	1. janúar 2010	Á ekki við	31. desember 2019	8	<p>Taka skal tillit til og meta þar sem við á, þá íbúahópa sem getu orðið fyrir váhrifum af sæfiefninu og þær sviðsmyndir af notkun eða váhrifum sem hafa ekki fengið tilhlýðilega umfjöllun í því áhættumati sem gert var á virka efninu.</p> <p>Meta þarf áhættu og tryggja að viðeigandi ráðstafanir séu gerðar eða sérstök skilyrði séu sett til að draga úr þekktri áhættu svo við megi una.</p> <p>Markaðsleyfi getur aðeins verið veitt þegar umsóknin sýnir fram á að hægt sé að draga úr áhættu svo við megi una.</p> <p>Markaðsleyfi skal vera háð eftirfarandi skilyrðum:</p> <p>1. Í ljósi þeirra ályktana sem dregnar eru í tengslum við áhættumat skal við notkun á sæfiefnum, sem eru leyfð til notkunar í iðnaði og/eða til faglegra nota, nota viðeigandi persónuhlífar nema hægt sé að sýna fram á það í umsókn um leyfi fyrir sæfiefninu að umt sé að draga á annan hátt úr áhættu fyrir notendur í iðnaði og/eða fagmenn þannig að áhættan verði ekki meiri en svo að við megi una.</p> <p>2. Í ljósi þeirrar áhættu sem tilgreind er fyrir jarðveg og vatn skal gripa til viðeigandi ráðstafana til að draga úr áhættu í því skyni að vernda jarðveginn og umhverfishólfin. Á merkimiðum og/eða á öryggisblöðum fyrir sæfiefni, sem leyfð hafa verið til notkunar í iðnaði, skal sérstaklega koma fram að nýmeðhöndlað timbur skuli geymt undir skýli eða á ógagnðraepu, hörðu undirlagi til þess að koma í veg fyrir að efnid sé beint út í jarðveg eða vatn og að safna skuli til endurnotkunar eða förgunar öllu því efni sem fer til spillis.</p>
19	Indoxakarb (handhverfuhv arfmassi S:R 75:25)	Hvarfmassi metýl(S)- og metýl(R)-7-klóró- 2,3,4a,5-tetrahyd ró-2- [metoxý]karbónýl-(4- trifluormetoxýfenýl) karbamóýljindenól1,2-	796 g/kg	1. janúar 2010	Á ekki við	31. desember 2019	18	<p>Taka skal tillit til og meta þar sem við á, þá íbúahópa sem getu orðið fyrir váhrifum af sæfiefninu og þær sviðsmyndir af notkun eða váhrifum sem hafa ekki fengið tilhlýðilega umfjöllun í því áhættumati sem gert var á virka efninu.</p>

Nr.	Almennt heiti	IUPAC-heiti Kenninúmer	Lágmarks hreinleiki virks efnis í sæfiefni við markaðssetningu	Dagsetning skráningar	Markaðsleyfi sæfiefnis skal gefið út fyrir <sup>1</sup>	Skráning gildir til	Sæfiefna- flokkur	Skilyrði fyrir markaðsleyfi <sup>ii</sup>
